

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Sameining lóða - Deiliskipulag Hellnahrauns, 3. áfanga, Búðahella 8 og Dofrahella 13.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og deiliskipulagsskilmála Hellnahrauns, 3. áfanga, samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 20. október 2020, sameiningu lóðanna Búðahellu 8 og Dofrahellu 13 og tilfærslu/fjölgun innkeyrslna. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, Borgahella 6a.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 28. október 2020 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga. Í breytingunni felst mörkun nýrrar lóðar fyrir dælustöð, Borgahellu 6a. Lóðin er á horni Borgahellu og Búðahellu og er 96 m² að stærð. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, lóð nr. 2 við Grandatröð.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 28. október 2020 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti vegna lóðar nr. 2 við Grandatröð. Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðarinnar stækkar og bílastæðum fjölgar. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 2. nóvember 2020.

Pormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 16. nóvember 2020